



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um tímabundinn flutning leikskólans Garðaborgar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. nóvember 2023 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. nóvember 2023:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Garðaborgar, Bústaðavegi 81 og að starfsemin flytjist að Brákarsundi 1. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Bústaðavegi 81 í Reykjavík.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til boargarráðs

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja þær tafir sem orðið hafa á framkvæmdum við leikskólana Garðaborg, Grandaborg og Árborg séu verulega gagnrýniverðar. Fyrir ári síðan kom í ljós við ástandsskoðun að í umræddum leikskólum væru miklar rakaskemmdir og mygla. Með þær staðreyndir í huga, og í ljósi þess að nú þegar eru rúmlega 360 leikskólapláss ónýtanleg vegna ástands leikskólahúsnæðis í borginni, sé ámælisvert að fyrst núna sé verið að ljúka hönnun og undirbúa útboðsgögn vegna framkvæmda og endurbóta við leikskólana þannig að framkvæmdum muni ekki ljúka fyrr en árið 2025.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 16. nóvember 2023



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um tímabundinn flutning leikskólans Garðaborgar

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki tímabundinn flutning á starfsemi leikskólans Garðaborgar, Bústaðavegi 81 og að starfsemin flytjist að Brákarsundi 1. Gert er ráð fyrir að breytingin nái til 1. mars 2025 og að þá verði öll starfsemi að nýju að Bústaðavegi 81, Reykjavík.

Greinargerð:

Við ástandsskoðun fundust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Garðaborgar. Starfsemin var flutt annað í lok árs 2022. Eru í dag í gamla húsnæði Brákarborgar í Brákarsund 1.

Búið er að hanna og verið að klára útboðsgögn til að senda út. Þegar verktaki er komin á verkið má gera ráð fyrir einu ári í framkvæmdir. Því er raunhæft að gera ráð fyrir að Garðaborg flytji í endurgert húsnæði eftir áramótin 2025-2025.

Búið er að rífa upp gólf, brjóta einangrun utan af útveggjum á langhliðum, rífa niður alla léttu vegg og loftplötur. Húsið var byggt 1981 og húsið er komið á tíma fyrir meiriháttar viðhald.

Það er margt sem verður lagfært/uppfært í framkvæmdum og m.a. komið fyrir dreni og einangraður sökkul, sett loftræstikerfi með varma endurnýtingu, sett gólfhitakerfi, fræst í gólf og hætt með ofnakerfi, skipt um öll gólfefni, skipt út gluggum, einangrað og húsið klætt og hljóðvist bætt.